

Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun á laga- og reglugerðumhverfi sjókvíaeldis.

Flm.: Halla Signý Kristjánsdóttir, Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir,
Jóhann Friðrik Friðriksson, Ingibjörg Isaksen, Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir,
Þórarinn Ingi Pétursson, Logi Einarsson, Eyjólfur Ármannsson,
Hanna Katrín Friðriksson.

Alþingi ályktar að fela innviðaráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og matvæla-
ráðherra að skipa starfshóp til þess að yfirfara laga- og reglugerðumhverfi sjókvíaeldis með
hliðsjón af gjaldtöku af fiskeldi.

Markmið starfshópsins verði:

- að taka saman yfirlit yfir heildargjaldtöku af fiskeldi og undir hverju tekjunum er ætlað
að standa, sem og hvernig þær tekjur skiptast á milli ríkis og sveitarfélaga,
- að tryggja sveitarfélögum þar sem sjókvíaeldi er stundað skýrar heimildir til töku gjalda
af sjókvíaeldi,
- að tryggja að tekjur af slíkri gjaldtöku standi undir nauðsynlegum verkefnum sveitar-
félaga og tryggð sé sjálfbærni hafna og samfélaga þar sem sjókvíaeldi fer fram.

Endurskoðun sem felur í sér heildargreiningu á gjaldtöku ríkis og sveitarfélaga af fiskeldi
og tillögur að lagabreytingu sem skýra heimildir til töku gjalda til að standa undir nauð-
synlegri þjónustu ríkis og sveitarfélaga af sjókvíaeldi skal vera lokið og skýrsla kynnt
Alþingi eigi síðar en í lok árs 2023.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var lögð fram á 151. löggjafarþingi (640. mál) og 152. lög-
gjafarþingi (93. mál). Hún er nú endurflutt með smávægilegum breytingum. Þær umsagnir
sem borist hafa um málið hafa almennt verið jákvæðar og tekið hefur verið undir mikilvægi
tillögunnar. Fyrir sveitarfélögin skiptir meginmáli að þeim sé tryggður eðlilegur hluti af
opinberri gjaldtöku af greininni til að geta staðið undir þeirri innviðauppbýggingu sem
nauðsynleg er vegna þessarar nýju og ört vaxandi atvinnugreinar hér á Íslandi. Sveitarfélög
eru sjálfstæðar stjórnsýslueiningar sem þurfa sterka og fyrirsjáanlega tekjustofna til að geta
staðið undir verkefnum sínum.

Fiskeldi er nýleg atvinnugrein hér á landi og hefur byggst hratt upp undanfarinn áratug.
Fari framleiðsla í það magn sem burðarþolsgeta svæða sem fiskeldinu er afmarkað segir til
um er talið að útflutningsverðmætið verði nær 65 milljörðum kr. Fjárfesting upp á tugi
milljarða króna liggur í greininni og frekari fjárfesting bíður eftir frekari leyfum til rekstrar.
Munar þar mest um útflutning á eldislaxi en verðmæti hans í útflutningi hefur aukist milli ára.
Útflutningsverðmæti eldisafurða nam rúmum 36 milljörðum kr. á árinu 2021 og hefur aldrei
verið meira. Alls nam útflutningsverðmæti eldislax rúmlega 27,5 milljörðum kr. á árinu 2021,
sem er 76% af útflutningsverðmæti eldisafurða á árinu. Nú er svo komið að útflutningur á
eldislaxi skilar næstmestum verðmætum allra fisktegunda sem fluttar eru frá Íslandi. Fiskeldi

hefur farið hratt vaxandi á undanförunum áratug og má eiga von á að þessi atvinnugrein skili verðmætum upp á tugi milljarða króna í þjóðarþúð. Innviðir þurfa að vera fyrir hendi sem og viðhald á þeim. Þannig má tryggja vöxt greinarinnar og sem mestan ávinning af henni.

Árið 2004 tóku stjórnvöld ákvörðun um að sjókvíaelði yrði einungis leyft á hluta Austfjarða og Vestfjarða og í Eyjafirði. Sú ákvörðun byggðist á því að vernda þyrfti ár þar sem stundaðar væru veiðar á villtum laxastofni landsins. Frá því að sú ákvörðun var tekin hefur verið mikil uppbygging í sveitarfélögum á Vestfjörðum og Austfjörðum sem hýsa þessa starfsemi. Sveitarfélögin hafa unnið af miklu kappi við að byggja upp og tryggja innviði sem þurfa að vera til staðar svo að starfsemin geti blómstrað. Hér er um að ræða uppbyggingu við hafnarsvæði og einnig uppbyggingu vegna fjölgunar íbúa og styrkingar grunnþjónustukjarna, svo sem grunn- og leikskóla.

Sveitarfélögin njóta þess mikla drifkrafts sem fiskeldið hefur í för með sér. Íbúum fjölgar, atvinnutækifærin verða fjölbreyttari og aldursþíamíðinn breytist því að hlutfallsleg fjölgun yngra fólks hefur orðið í umræddum sveitarfélögum. Þessu fylgja aukin verkefni og áskoranir til sveitarfélaga svo að um munar. Sum samfélög þar sem íbúum hafði fækkað takast nú á við vaxtarverki í umfangsmikilli og kostnaðarsamri innviðauppbyggingu.

Sumarið 2021 var kynntur samfélagssáttmáli um fiskeldi á Vestfjörðum. Að honum stóðu sex sveitarfélög á Vestfjörðum sem eiga hagsmuna að gæta af sjókvíaelði í fjórðungnum. Í sáttmálanum segir að tilgangur hans sé að standa sameiginlega að hagsmunagæslu í fiskeldi og tengdum atvinnugreinum á Vestfjörðum með það að markmiði að efla atvinnu- og mannlíf með heildarhagsmuni Vestfjarða að leiðarljósi: „Sameiginlegt markmið sveitarfélaga er að auðlindagjöld sem skapast fiskeldi á Vestfjörðum renni til sveitarfélaganna og unnið verði hratt að því að grunninnviðir Vestfjarða svari kröfum atvinnulífs og samfélaganna.“ Þá segir jafnframt um tilgang sáttmálans: „Samfélagssáttmálinn tekur á stefnumótun og lagaumgjörð atvinnugreinarinnar, samstarfi hafna, gjaldtöku ríkis og sveitarfélaga og eflingu tekjustofna sveitarfélaganna. Sérstök áhersla verði í upphafi löggð á breytingar á lögum varðandi gjaldtöku af fiskeldi og tengingu við tekjustofna sveitarfélaga.“

Á vordögum 2019 voru samþykkt lög nr. 89/2019, um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð. Þar er gert ráð fyrir að þriðjungur tekna af gjaldtöku af fiskeldi renni á komandi árum í fiskeldissjóð sem sveitarfélög geta sótt í til innviðauppbyggingar. Ljóst má vera að það dugar þó skammt fyrir innviðauppbyggingu sem sveitarfélög þurfa að ráðast í svo að koma megi til móts við vaxandi þörf vegna aukinna umsvifa fiskeldis. Lítil víska er hjá sveitarfélögum um hve mikilla tekna er að vænta þar sem sveitarfélögin sækja hvert fyrir sig í sjóðinn og örðugt að áætla tekjur fram í tímann.

Þar sem hér er um að ræða nýja og stóra atvinnugrein er brýn þörf á að yfirfara laga- og reglugerðaumhverfi gjaldtökunnar í heild, sérstaklega það sem snýr að sveitarfélögum þar sem sjókvíaelði er stundað, og skýra heimildir sveitarfélaga til gjaldtöku. Tryggja þarf að tekjur af slíkri gjaldtöku standi undir nauðsynlegum verkefnum sveitarfélaga ásamt því að tryggð sé sjálfbærni þeirra hafna og samfélaga þar sem þessi atvinnustarfsemi er stunduð.